

Þórunn Ósk Marinósdóttir lauk meistaraþrófi með láði frá Tónlistarháskólanum í Brussel árið 1996 undir handleiðslu Ervin Schiffer.

Meðan á dvöl hennar í Belgíu stóð starfaði hún mikið með þarlandum kammerhópum og sveitum. Má þar nefna að frá 1992 til 1995 var hún leiðandi víóluleikari í strengjasveitinni *Sebastian Strings* og frá 1993 til 1997 var hún félagi, og síðari árin leiðari, í kammersveitinni *Prima la Musica*. Með þeim lék hún einleik á víólu. Árið 1995 var hún í strengjakvartett sem ferðaðist um Evrópu með hinum heimsþekktu danshópi *Rosas* og árið 1998 var hún í tónlistarhópnum *I Fiamminghi* undir stjórn Rudolfs Werthens sem ferðaðist til Skandinavíu, Taívan og Japan auk þess að halda tónleika reglulega í Belgíu.

Síðan 1998 hefur Þórunn verið fastráðin við *Sinfóníuhljómsveit Íslands*. Hún er félagi í *Kammersveit Reykjavíkur* og hefur komið fram sem einleikari með Kammersveitinni. Þórunn er eftirsóttur víóluleikari og hefur starfað ötulega á sviði kammertónlistar hérlendis, hún er til að mynda meðlimur í Kammerhópi Salarins í Kópavogi og hefur spilað á tónlistarhátíðum í Mývatnssveit, Skálholti, Reykholti og Kirkjubæjarklaustri.

Áskell Másson hóf fyrst nám í klarinettleik við Tónmenntaskóla Reykjavíkur, en lærði síðan á slagverk í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Framhaldsnám stundaði hann í London hjá Patrick Savill (tónsmíðar) og James Blades (slagverk). Á árunum 1973 til 1975 starfaði hann við Þjóðleikhúsið sem tónskáld og hljóðfæraleikari Íslenska dansflokksins og 1978 til 1983 var hann fulltrúi á tónlistardeild Ríkisútvarpsins. Síðan þá hefur Áskell helgað tónsmíðum allan sinn tíma. Meðal helstu verka hans má nefna óperuna *Klakahöllina*, *sinfóníuna Sinfonia Trilogia* og sex einleikskonserta.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Sumartónleikar

í

Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Þórunn Ósk Marinósdóttir
víóluleikari

NETÚTGÁFA



Þriðjudaginn 15. júlí 2003 kl. 20:30

Max Reger hóf ungur orgelnám hjá föður sínum og kynnstist þá verkum eftir Bach og Beethoven og átti það eftir að hafa mikil áhrif á tónsmíðar hans. Hann var afkastamikið tónskáld sem á 43 ára lífsferli sínum skildi eftir sig yfir 130 skráð tónverk.

Reger var einna þekktastur fyrir virtuosaverk sín fyrir orgel og aðrar tónsmíðar hans nutu framan af ekki sannmælis utan Þýskalands. Í verkum hans er að finna einlægni og samkvæmni í stíl, en hann reyndi að tvinna saman kontrapunktíska aga í anda Bachs með klassísk-rómantísku hefðinni frá Brahms og eflði það svo með sínum eigin frökku hljómrænu og lagrænu hugmyndum.

Þrjár svítur fyrir einleiksvíólu ópus 131d eru skrifaðar ári áður en hann lést, sem partur af syrpu fyrir einleikshljóðfæri. Áhrif frá Bach eru augljós enda verkin samin í hans anda.

Einleiksverkið *Kadenza* fyrir víólu eftir **Áskel Mátsson** er byggt á víólukonsert hans frá 1983. Áskell segir svo frá: „Upphaf bæði konsertsins og kadensunnar er byggt á fuglasöng (staccato-arpeggio). Hljómrænt er verkið byggt á fimmtóna-hljómum sem leiddir eru hver af öðrum í kirkjutöntegundastíl, en fyrst og fremst ræður þó hið lagræna framvindunni. Verkið var samið í janúar 1984 og frumflutt tveim mánuðum síðar af Unni Sveinbjarnardóttur í Wigmore Hall í London.“

J.S. Bach skrifaði sex svítur fyrir einleikselló á árunum 1717 – 1723 þegar hann var við hirð Prins Leopold í Cöthen. Starf hans þar krafðist þess ekki að hann skrifaði kirkjutónlist svo hann samdi mikið af veraldlegri tónlist, allar tegundir kammertónlistar í ýmsum stílbrögðum.

Tónlist Bachs lá lengi í dvala eftir andlát hans, eða þar til Mendelssohn endurvakti hana með flutningi á Mattheusarpassíunni árið 1829 og um 1905 má segja að hinn spænski sellóleikari Pablo Casals hafi endurvakið sellósvítturnar með að flytja þær í heild. Fram að því höfðu sellóleikarar spilað einstaka dansa úr þeim, en enginn flutt heila svítu óstyttu.

Paul Hindemith var sjálfur víóluleikari og eftir hann liggur þónokkuð af tónverkum fyrir víólu, þar á meðal fjórar einleikssónötur. Sú sem hér er spiluð er einna þekktust, fyrst og fremst vegna fjórða kaflans, en hann ber yfirskriftina: „Brjáláð tempó. Villt. Tóngæðin eru aukaatriði“. (Hraðinn er gefinn 600 – 640 fyrir fjórðapartsnótu!!)

Fyrstu útgefnu tónsmíðar Hindemiths eru frá 1918 – 1919. Þær eru undir miklum áhrifum frá Reger og Strauss, í krómátískum og ljóðrænum stíl.

Sónatan sem hér er flutt er frá árinu 1922, en þá hóf Hindemith að leika með strengjakvartettinum *Amar* sem flutti mikið af samtímatónlist. Í framhaldi af því tóku verk hans breytingum og á næstu árum samdi hann mörg verk í nýklassískum stíl, oft í anda Bachs, en samt mjög nútímaleg með hljóma ríka af ferundum og gegnumgangandi mótorík (motor rhythm).

Það er ljóst að bylgja af tónverkum fyrir einleikshljóðfæri fylgdi í kjölfar endurvakningar á tónverkum J.S. Bachs í upphafi síðustu aldar, eins og sjá má verkum tónskáldanna Regers og Hindemiths. Það er ótrúlegt ævistarf listamannsins J.S. Bach að ná að hafa áhrif á kynslóð eftir kynslóð tónskálda og flytjenda. (ÞÓM)

Efnisskrá

Max Reger
1873 – 1916

Svíta ópus 131d nr. 1 (1915)

- i* Molto sostenuto
- ii* Vivace – Andantino - Vivace
- iii* Andante sostenuto
- iv* Molto vivace

Áskell Mátsson
f. 1953

Kadenza (1984)

Johann Sebastian Bach
1685 – 1750

Svíta (f.einleikselló) nr. 2 í d-moll

- Prelude
- Allemande
- Courante
- Sarabande
- Menuetto I & II
- Gigue

Paul Hindemith
1895 – 1963

Sónata ópus 25 nr. 1 (1922)

- i* Breit
- ii* Sehr frisch und straff
- iii* Sehr langsam
- iv* Rasendes Zeitmass. Wild. Ton-schönheit ist Nebensache.
- v* Langsam, mit viel Ausdruck.